

Reglugjörð

um eyðing refa í Mýrasýslu.

61
2. júní

I. KAFLI.

Um eyðing refa.

1. gr.

Skýlt er hreppsnefnd hverri að sjá um eyðing refa í heimalöndum og afrjettalöndum sveitar sinnar svo og löndum þeim utan sveitar, er hún hefur umsjón með sem leitarsvæði.

Nú er afrjettarland notað til uppreksturs af hreppsfjelagi utan sýslu og er þá heimilt að fela hreppsnefnd þess hrepps umsjón og framkvæmd refaeyðingar á landinu, og fer það eftir fyrirmælum þessarar reglugjörðar.

2. gr.

Hver, sem jörð eða jarðarpart hefur til ábúðar, er skyldur til, á sinn kostnað, að leita grenjaleit á heimalandi sínu, hvenær sem hreppsnefnd ákveður, ef henni þykir þess við þurfa, með þeim undantekningum, er reglugjörð þessi ákveður.

3. gr.

Hreppsnefnd hver skal svo oft og þar, sem þurfa þykir á vori hverju, láta gjöra rækilega grenjaleit á afrjetti hrepps síns, svo og á afrjettarlöndum og heimalöndum, sem liggja við afrjett hreppsins og alment eru leituð til rjetta með afrjetti eða fráskilin eru heimalöndum með afrjettargirðingu.

Hreppsnefnd getur einn fremur, á kostnað sveitarsjóðs að hálfu leyti, látið gera grenjaleit á heimalandi einstakra jarða, þótt ekki liggja við afrjett, ef þau eru sjerstaklega erfið til grenjaleitar, svo sem er um hraun og önnur stór landssvæði, þar sem grenjavon getur verið.

4. gr.

Hreppsnefnd skal hafa ráðið skotmann, einn eða fleiri, áður en grenjaleit byrjar. Hann skal vera með í leitinni, ef því verður við komið. Hreppsnefnd sjer um, að vökumaður sje til taks til að liggja á greni með skotmanni svo fljótt sem verða má.

Skotmaður og vökumaður fá dagkaup svo sem um semur.

5. gr.

Fyrir eitt dýr unnið á greni fær sá er vinnur 5 kr.; fyrir annað dýr unnið á sama greni 10 kr., og fyrir yrðling hvern, sem drepinn er á greni 1 kr. Heimilt er þó hreppsnefnd að ákveða hærri borgun fyrir dýr þau, sem við gren vinnast.

61 Hreppsnefnd getur heimilað skotmanni, að hirða yrðlinga lifandi og selja þá tófu-
2. júní eldismanni eða ala þá sjálfur samkvæmt fyrirmælum reglugjörðar þessarar.

Náist yrðlingar á greni, sem skotmaður er frágenginn eða annarstaðar, er þeim sem nær heimilt að fara með þá á sama hátt.

Fyrir dýr hvert, sem unnið er á víðavangi, er rjett að greiða 4 kr. þeim, er vinnur.

6. gr.

Semja skal við skotmann um það hversu lengi skull á greni liggja og hversu með skulli fara, ef það vinst ekki að fullu. Þó má aldrei rjúfa gren nje færa það úr lagi.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að greiða sjerstaklega þóknun þeim er finnur nýtt gren með yrðlingum í.

8. gr.

Hreppsnefnd ber að annast um að árlega sje eitrad fyrir refi á hentugum tíma.

9. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa samkvæmt síðari málsgrein 1. gr. skal greiddur af hreppsfjelagi því, er landsnotin hefur.

Þar sem ekki öðruvísi er ákveðið í reglugjörð þessari, greiðist allur kostnaður við grenjaleit og eyðing refa úr sveitarsjóði.

II. KAFLI.

Um refaeldi.

10. gr.

Hver sem óskar að ala upp yrðlinga, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni á hverju ári ekki síðar en á manntalsþingi. Fyrir leyfið greiðast 5 kr., er renna í sýslusjóð. Auk þess greiði leyfishafi 5 kr. í sýslusjóð fyrir hvern belg, er hann sýnir og söluhæfir eru. Fyrstu leyfisbeiðni skal fylgja úttektargjörð sú, sem getur um í 11. gr.

11. gr.

Yrðlingaeldi skal bannað, nema í húsum með steinlímdu eða járnvörðum veggjum að innan, steinlögðu gólfi og öruggum umbúnaði um glugga og dyr.

Skal hlutaðeigandi hreppstjóri með lögskipuðum úttektarmanni, taka hús þessi út og

meta hvort fulltryggilega sje frá þeim gengið. Sje þeim í nokkru áfátt að þeirra dómi og bæti eigandi það eigi þegar, skal hreppstjóri þegar í stað kæra það fyrir sýslumanni.

61
2. júní

Sá, sem elur refi, borgar þessar úttektargjörðir, svo sem venja er um aðrar úttektir.

12. gr.

Hreppstjóri hefur eftirlit með refaeldi í sínum hreppi. Hann skal hið fyrsta eftir að grenjavinsla er hjá liðin og yrðlingaeldi komið á, fara til og telja yrðlinga, sem á eldi eru og sjá um að tryggilega sje um þá búið. Þegar eldi er lokið og refirnir drepnir skal hreppstjóri fara til og telja skinnin hjá refaeldismanni. Vanti nokkuð á tölu þeirra yrðlinga, er teknir voru á eldi að sumrinu, sektast refaeldismaður fyrir hvern yrðling sem ávantar svo sem hann hefði sloppið nema full sönnun komi fyrir að svo hafi ekki verið.

Eftirlitsferðir hreppstjóra borgist honum af þeim, er yrðlinga elur, svo sem fyrir er mælt um ferðakostnað úttektarmanna.

13. gr.

Fyrir hvern yrðling er sloppið hefir frá refaeldismanni, greiði hann 50 kr. í sekt. Sama gildir um hvern yrðling er sleppur í flutningi frá grenjum eða á annan hátt. Sekt greiðir sá er yrðling átti eða hafði hann í vörslum.

14. gr.

Hafi hreppstjóri refaeldi með höndum eða sje nákominn refaeldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað til þess að hafa á hendi eftirlit með refaeldi í hreppnum.

15. gr.

Brot gegn reglugrjörð þessari varða sektum frá 10—200 krónum, nema öðruvísi sje ákveðið hjer á undan. Sektir renna að $\frac{2}{3}$ í hreppsjóð þar sem brot eru framin og að $\frac{1}{2}$ í sýslusjóð.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugrjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Reglugrjörð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 15. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 2. júní 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.